



Forsætisnefnd

Breyting á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

Samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skulu sveitarfélög starfrækja barnaverndarþjónustu. Reykjavíkurborg hefur ákveðið að borgin starfræki barnaverndarþjónustu samkvæmt lögunum sem nefnist Barnavernd Reykjavíkur.

Í 13. gr. barnaverndarlaga kemur fram að í umdæmi hvefrrar barnaverndarþjónustu skuli starfrækja umdæmisráð barnaverndar. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að skipa í umdæmisráð til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 14. gr. sömu laga. Fyrsta umdæmisráðið samkvæmt ofangreindu tekur til starfa 1. janúar 2023, til fimm ára. Frá sama tíma fellur umboð barnaverndarnefndar úr gildi, sbr. ákvæði II. til bráðabirgða við barnaverndarlög nr. 80/2002, sbr. 1. gr. laga nr. 20/2022.

Á fundi borgarstjórnar 20. desember sl. samþykkti borgarstjórn tillögu valnefndar umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur, dags. 12. desember 2022, að skipan aðalmanna og varamanna í umdæmisráð. Skipunartími umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur er fimm ár, frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027. Aðalmenn í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur; Tómas Hrafn Sveinsson lögfræðingur, formaður, Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi og Ingibjörg María Guðmundsdóttir sálfræðingur. Varamenn í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur; Halldór Rósmundur Guðjónsson lögfræðingur, varaformaður, María Gunnarsdóttir félagsráðgjafi og Thelma Gunnarsdóttir sálfræðingur.

Fjallað var um kjör fulltrúa í barnaverndarnefnd í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Unnin hefur verið tillaga að breytingu á ákvæðum samþykktarinnar vegna nýs umdæmisráðs barnaverndar og er óskað eftir því að forsætisnefnd samþykki breytinguna. Ef þörf er á er gert ráð fyrir að forsætisnefnd endurskoði þóknunina um næstu áramót í ljósi reynslu af fyrsta starfsári umdæmisráðsins.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal

Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Ákvæðið hljóðar svo:

IV. kafli

Um þóknun fyrir störf annarra kjörinna fulltrúa en borgarfulltrúa og fyrstu varamanna framboðslista

13. gr.

Þóknun fyrir setu í fastanefndum

Kjörnir fulltrúar í fastanefndum Reykjavíkurborgar, aðrir en borgarfulltrúar og fyrstu varamenn framboðslista, fá greidda mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Greitt er sérstaklega fyrir setu í hverri fastanefnd.

Fastanefndir skiptast í þrjá flokka og er greidd þóknun m.v. þann 1. júlí 2022, í samræmi við ákvörðun borgarstjórnar 4. apríl 2017, 20% af grunnlaunum fyrir setu í nefnd í flokki I, 16-18% af grunnlaunum fyrir setu í nefnd í flokki II og 6% af grunnlaunum fyrir setu í nefnd í flokki III Fjárhæðirnar uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu.

Þóknun til fulltrúa í barnaverndarnefnd og endurskoðunarnefnd skal vera hin sama og fyrir nefndir í flokki I.

Formenn fastanefnda fá greidda tvöfalda þóknun fyrir setu í viðkomandi nefnd.

Kjörnum fulltrúum eru greidd full laun á meðan fundahléi nefnda og ráða á sumrin stendur.

Ákvæðið verður:

IV. kafli

Um þóknun fyrir störf annarra kjörinna fulltrúa en borgarfulltrúa og fyrstu varamanna framboðslista

13. gr.

Þóknun fyrir setu í fastanefndum

Kjörnir fulltrúar í fastanefndum Reykjavíkurborgar, aðrir en borgarfulltrúar og fyrstu varamenn framboðslista, fá greidda mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Greitt er sérstaklega fyrir setu í hverri fastanefnd.

Fastanefndir skiptast í þrjá flokka og er greidd þóknun m.v. þann 1. júlí 2022, í samræmi við ákvörðun borgarstjórnar 4. apríl 2017, 20% af grunnlaunum fyrir setu í nefnd í flokki I, 16-18% af grunnlaunum fyrir setu í nefnd í flokki II og 6% af grunnlaunum fyrir setu í nefnd í flokki III Fjárhæðirnar uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu.

Þóknun til fulltrúa í endurskoðunarnefnd skal vera hin sama og fyrir nefndir í flokki I.

Þóknun til fulltrúa í umdæmisráði barnaverndar skal vera hin sama og fyrir nefndir í flokki I með 50% álagi. Laun formanns umdæmisráðs barnaverndar skulu ákvörðuð af kjaranefnd.

Formenn fastanefnda fá greidda tvöfalda þóknun fyrir setu í viðkomandi nefnd.

Kjörnum fulltrúum eru greidd full laun á meðan fundahléi nefnda og ráða á sumrin stendur.